

Þriðjudaginn 13. júní 1989.

Nr. 92/1988. **Guðni Þórðarson**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

Sigurði H. Guðjónssyni hrl.**f.h. Viajes Ecuador S.A.****og gagnsök**

(sjálfur).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars 1988. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1988. Hann krefst þess, að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, er byggð á því að vegna áritunarinnar á skjal það, sem gagnáfrýjandi reisir kröfu sína á, sé það ekki víxill. Verði að skoða skjalið og bréfið, sem þar er vísað til, sem eina heild og líta á þau sem samning. Þar sem gagnáfrýjandi hafi ekki efnt sinn hluta samningsins hafi ekki stofnast fjárkrafa á hendur aðaláfrýjanda. Beri því að vísa málinu frá héraðsdómi á grundvelli 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Gagnáfrýjandi mótmælir frávísunarkröfunni og heldur því fram að krafa sín sé víxilkrafa, og hafi engar þær varnir komið fram, sem komið verði að í slíku máli.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi hafði aðaláfrýjandi uppi frávísunarkröfu í héraði, sem studd var sömu rökum og nú er gert. Var frávísunarkröfunni hafnað með úrskurði héraðsdómara og

hefur þeim úrskurði ekki verið áfrýjað samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt. Verður frávísunarkröfu aðaláfrýjanda því ekki sinnt.

Aðaláfrýjandi hefur ekki haft uppi neinar þær varnir sem koma má að í víxilmáli gegn andmælum gagnáfrýjanda, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti sem telst hæfilega ákveðinn 225.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Guðni Þórðarson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði H. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Viajes Ecuador S.A., 225.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. júní sl., af Viajes Ecuador Sucursal de Benidorm, Spáni, gegn Guðna Þórðarsyni, nnr. 3142-3767, Garðastræti 39, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. PTS 3.300.000,00, með 11,5% ársvöxtum frá 25.1. 1987 til 14.4. s.á., en frá þ.d. til greiðsludags er krafist dráttarvaxta skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands. Þá er krafist kr. 7.710,00 í stimpilgjald og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Endanlegar dómkröfur stefnda, eins og þær voru settar fram við munnlegan flutning málsins, eru þær, aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en ef ekki verði á það fallist, er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og gert að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við fyrirtöku málsins 27. janúar sl. óskaði stefndi, sem þá mætti sjálfur, eftir frekari fresti til að ráðfæra sig við lögmann sinn og til að afla frekari gagna. Mótmælti þá lögmaður stefnanda að stefndi fengi frekari frest. Var krafan tekin til úrskurðar sama dag, og var stefnda synjað um frekari frest og málinu frestað til munnlegs málflutnings sem fram átti að fara mánudaginn 5. febr. sl. Með samkomulagi aðila og dómara var málflutningi síðan frestað til 8. febr. sl.

Með úrskurði, upp kveðnum 15. febrúar 1988, var frávísunarkröfu stefnda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins, hrundið og koma því aðeins sýknukrafa og málskostnaðarkrafa til álita hér.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi telur skuld þessa vera samkvæmt víxli, að fjárhæð PTS 3.300.000,00, út gefnum hinn 11.2. 1986 í Reykjavík af Viajes Ecuador S.A. Sucursal de Benidorm og ábektum af sama. Vixillinn sé samþykktur til greiðslu af Guðna Þórðarsyni, Garðastræti 39, Reykjavík, með greiðslustað að Garðastræti 39, Reykjavík, en gjalddaga 25.1. 1987.

Stefnandi kveður víxilskuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða víxillaga, nr. 93/1933, einkum 7. kafla, um fullnustu vegna greiðslufalls. Um vaxtakröfu sína vísar stefnandi til 2. tl. 48. gr. l. 93/1933, sbr. l. mgr. l. 54/1965, 5. gr. l. 58/1960 skv. bráðabirgðaákvæði IV í l. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Enn fremur er vísað til 11. gr. l. 25/1987, sbr. og 2. gr. l. 33/1987.

Um greiðslustað vísar stefnandi til 3. mgr. 2. gr. l. 93/1933, sem segir, að sá staður, sem tilgreindur sé við nafn greiðanda, skuli vera greiðslustaður víxilsins, sé greiðslustaður ekki tilgreindur.

Við upphaf munnlegs málflutnings óskaði lögmaður stefnda eftir því að leggja fram bréf á dskj. nr. 7, sem hann sagði vera afrit af skjali því, sem vísað væri til á víxileyðublaðinu, sbr. áritunina: „Bill of Exchange deposited as a guarantee to attaced (sic) letter“. Lögmaður stefnanda samþykkti framlagningu skjalsins, en mótmælti því að þetta væri það skjal sem stefndi segði það vera. Að auki mótmælti hann skjalinu sem þýðingarlausu fyrir málið. Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefnandi því enn fremur, að varnir þær, sem stefndi hélt uppi varðandi lögskipti að baki skjalinu, kæmust að í málinu, þar sem um víxilmál væri að ræða. Þá var mótmælt aðallega sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu stefnanda að ekki væri um að ræða lögformlegan víxil í skilningi 1. gr. víxillaga, en til vara, að áritun á víxil, sem stefndi byggði á, breytti engu um gildi skjalsins sem víxils.

Þá var málskostnaðarkröfu stefnda mótmælt sem of seint fram kominni.

Sýknukröfu sína styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökum, að skjal það, sem sé grundvöllur málsóknarinnar, sé í raun ekki víxill. Áritunin „Bill of Exchange deposited as a guarantee to attaced (sic) letter“ valdi því, að skjalið hafi ekki víxilgildi, heldur sé það aðeins hluti samnings og verði að skoðast í samhengi við bréf á dómskjali nr. 7 sem lagt var fram í málinu við upphaf munnlegs málflutnings með samþykki stefnanda. Þetta geri það að verkum, að stefnandi geti haft uppi varnir, sem lúti að lögskiptunum

að baki skjölunum. Þar sem stefnandi hafi sjálfur ekki efnt sinn hluta samningsins geti hann ekki krafist stefnda um efndir síns hluta. Ber því að sýkna stefnda af kröfunum.

Þá styður stefndi sýknukröfu sína með vísan til 17. gr. víxillaga. Enda þótt sú grein eigi ekki við hér beinlínis skv. efni sínu, þá gildi um þetta sömu sjónarmið, þ.e. að útgefandi sé hér að innheimta víxilinn vitandi um að það muni valda stefnda stórkostlegu tjóni vegna þess að stefnandi hafi sjálfur algerlega brugðist skyldum sínum skv. samkomulagi við stefnda.

Í greinargerð er í þessu sambandi vísað til 19. gr. l. 93/1933, víxillaga.

Í þriðja lagi er sýknukrafa studd beinlínis með vísan til lögskiptanna að baki víxlinum. Kemur fram í greinargerð stefnda að víxill þessi hafi verið settur til tryggingar vegna væntanlegra viðskipta stefnda við stefnanda, en stefndi rekur ferðaskrifstofu. Tók stefnandi að sér útvegum íbúða handa sólarlandafarþegum á vegum stefnda. Kveður stefndi að stefnandi hafi ekki getað staðið við sinn hluta samkomulagsins af einhverjum ókunnum ástæðum. Þá bendi stefndi á í greinargerð að bæði samþykkjandi og Viajes Ecuador hafi vitað að tryggingarvíxil fyrir þess konar viðskiptum hafi verið óheimilt að samþykkja til greiðslu nema með fyrir fram gefnu leyfi ísl. gjaldeyrisyfirvalda, sem ekki hafi verið sótt um, enda hafi aldrei átt að innheimta víxil þennan þar sem hvorki hafi orðið af né verði af þeim viðskiptum sem hann var settur til tryggingar fyrir, enda hafi Seðlabanki Íslands upplýst að hinum íslenska banka hafi borið að endursenda víxilinn tafarlaust.

Niðurstaða.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því að ekki sé um víxil að ræða sem fullnægi formaskilyrðum 1. gr. víxillaga, nr. 93/1933, og að skoða verði skjalið, sem ritað sé á víxileyðublað, í heild ásamt bréfi á dskj. nr. 7. Þar af leiðandi sé rétt að draga inn í málið lögskipti sem liggja að baki þessum samningi, en það eigi að leiða til sýknu þar sem stefnandi hafi ekki staðið við þann hluta samnings. Taldi stefndi að málsástæða þessi væri ekki of seint fram komin þar sem hana mætti lesa út úr greinargerð stefnda á dskj. nr. 6. Þar sem stefndi hefði sjálfur samið greinargerðina og hann sé ólög-lærður hafi þetta ekki komið skýrar fram. Stefnandi mótmælti þessari málsástæðu stefnda þar sem hún væri of seint fram komin. Þegar greinargerð stefnda er virt, verður ekki annað séð en stefndi gangi út frá því, að um formlega gildan víxil sé að ræða, enda þótt hann telji sig ekki eiga að greiða hann vegna þeirra lögskipta sem liggja að baki honum. Er því ekki unnt að taka þessa málsástæðu stefnanda til greina sem of seint fram komna. Verður því litið svo á, að um víxil sé að ræða, sem fullnægi

formskilyrðum 1. gr. víxillaga, nr. 93/1933, enda hefur ekki annað komið fram í máli þessu er breytt geti þeirri niðurstöu.

Þá verður ekki heldur fallist á það með stefnda, að 17. og/eða 19. gr. víxillaga leiði til þess að sýkna beri stefnda af víxilkröfunni, þar sem greinar þessar breyta ekki neinu um þær varnir sem heimilt er að hafa uppi í víxilmálum skv. 208. gr. l. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Þegar af þessari ástæðu kemur málsástæða þessi ekki til álita.

Er þá komið að því að taka afstöðu til þeirra lögskipta sem búa að baki víxlinum. Með vísan til 208. gr. l. 85/1936 ber að líta svo á að varnir þær komist ekki að í málinu, enda hefur lögmaður stefnanda mótmælt því.

Eftir þeim úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda alla víxilfjárhæðina, þ.e. PTS 3.330.000,00, ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir, og kr. 7.710,00 í stimpilgjald. Þá greiði stefndi stefnanda í málskostnað kr. 190.000,00.

Dóminn kvað upp Davíð Þ. Björgvinsson, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðni Þórðarson, greiði stefnanda, Viajes Ecuador, PTS 3.330.000,00 ásamt 11,5% ársvöxtum frá 25.1. 1987 til 14.4. s.á., en með hæstu lögleyfðum vöxtum af PTS eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.710,00 í stimpilgjald og kr. 190.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.